

um þingfararkaup alþingismanna, lífeyrissjóð o. fl.

(Eftir eina umr. i Nd.)

1. gr.

Greiða skal alþingismönnum í grunnlaun kr. 130.00 á dag, meðan Alþingi stendur yfir. Verðlagsuppbót skal greiða á þingfararkaup eftir reglum, er gilda um verðlagsuppbætur á laun starfsmanna ríkisins á hverjum tíma.

Nú getur alþingismaður ekki gegnt þingstörfum vegna veikinda, og skal honum eigi að síður greitt þingfararkaup, þó eigi lengur en til loka þess þings, er hann hefur verið kvaddur til setu á.

Ráðherra, sem ekki er alþingismaður, á rétt á sama þingfararkaupi sem alþingismaður og nýtur að öllu leyti þeirra réttinda, sem alþingismönnum eru ákveðin í lögum þessum.

Þingmenn halda kaupi sínu að fullu, þótt Alþingi sé frestað um stundarsakir, þó eigi lengur en 30 daga auk fría um hátíðar, svo og þann tíma, sem þeir þurfa til þess að komast frá heimili sínu til þings og aftur heim frá þingi.

Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu í byrjun hvers þings 5 manna nefnd, þingfararkaupsnefnd, er úrskurðar þingfararkaupsreikninga alþingismanna, en forsetar ávísa fjárhæðunum úr ríkissjóði.

2. gr.

Reisa skal þingmannabústað svo fljótt sem því verður við komið. Skal undirbúningur, svo sem staðarval, uppdráttur o. s. frv., hafinn nú þegar og honum lokið á árinu 1954. Kostnaður við bygginguna greiðist úr ríkissjóði. Rekstur bústaðarins telst með alþingiskostnaði.

Þar til lokið hefur verið byggingu þingmannabústaðar, er ríkisstjórninni heimilt að leigja húsnæði til þessara nota.

3. gr.

Þegar komið hefur verið upp þingmannabústað samkv. 2. gr. þessara laga, eiga þeir alþingismenn, sem verða að hafa dvalarstað í Reykjavík vegna fjarlægðar frá heimili sínu, rétt á að fá hæfilegt húsnæði ásamt húsgögnum til íbúðar í bústaðnum endurgjaldslaust þann tíma, er Alþingi stendur yfir.

4. gr.

Meðan ákvæði 3. gr. þessara laga koma ekki til framkvæmdar, skal ríkisstjórnin sjá þeim alþingismönnum, sem þar um ræðir, fyrir hæfilegu húsnæði til íbúðar, meðan Alþingi stendur yfir, þeim að kostnaðarlausu. Kjósi alþingismaður að sjá sér sjálfur fyrir húsnæði, er það heimilt, og fær hann þá þann kostnað endurgreiddan eftir reikningi, er þingfararkaupsnefnd úrskurðar.

5. gr.

Þeir alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, eiga rétt á að fá endurgreiddan ferðakostnað eftir reikningi, er þingfararkaupsnefnd úrskurðar, svo og dvalarkostnað samkvæmt ákvörðun sömu nefndar. Þetta ákvæði gildir þó ekki um þá alþingismenn, sem fasta atvinnu hafa í Reykjavík við önnur störf, meðan Alþingi stendur yfir, þótt þeir eigi heimilisfang annars staðar.

Vilji alþingismaður ekki hlíta úrskurði þingfararkaupsnefndar samkv. lögum þessum, getur hann skotið honum til sameinaðs Alþingis, sem þá fellir endanlegan úrskurð um ágreiningsatriðin.

6. gr.

Alþingismenn skulu greiða í lífeyrissjóð 4% — fjóra af hundraði — af þingfararkaupi sínu, sbr. 1. gr., eins og það er á hverjum tíma. Skal upphæðin dragast frá kaupinu mánaðarlega og greiðast sjóðnum, ásamt móttframlagi, er greiðist af alþingiskostnaði, að upphæð 6% — sex af hundraði — af greiddu þingfararkaupi. Lífeyrissjóðinn skal ávaxta í sérstakri deild í Tryggingastofnun ríkisins, sem annast um allar greiðslur úr sjóðnum, innheimtir iðgjöldin og ávaxtar eignir hans. Tryggingastofnunin annast einnig bókhald fyrir sjóðinn. Forsetar Alþingis hafa með höndum stjórn sjóðsins ásamt Tryggingastofnun ríkisins.

7. gr.

Þegar alþingismaður hefur látið af þingmennsku, og er 65 ára að aldri eða öryrki, á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum eftir þeim reglum, sem fyrir er mælt í 8. gr.